

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Borg, miðsvæði M1, hliðrun skipulags og stækkun lóðar Miðtúns 1.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til miðsvæðis Borgar. Í breytingunni felst að lóð og byggingarreitur við Miðtún 1 hliðrast um 17 metra til vesturs auk þess sem lóðin og byggingarreitur stækkar lítillega. Þar af leiðandi hliðrast aðrar lóðir ásamt byggingarreitum til vesturs um sömu vegalengd. Lóðarstærðir, byggingarmagn og byggingarreitir við Miðtún 3-11 haldast óbreytt. Bætt er við bílastæðum innan svæðisins en að öðru leyti helst deiliskipulagið óbreytt. Markmið breytingarinnar er að stækka athafnasvæðið á Miðtúni 1 fyrir stærri þjónustubíla og rútur auk þess að fjölga bílastæðum til að anna aðsókn í nýjan þjónustukjarna.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 2. júlí 2025